

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1699**

2024/EES/25/13

frá 6. september 2023

**um stöðu attapúlgíts sem fòðuraukefnis innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 1831/2003 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fòðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar efnid attapúlgít ríkir óvissa um hvort það sé fòðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Þessi óvissa stafar af ýmsum spurningum eða efasemdum sem lögbær landsyfírvöld, sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti, eða rekstraraðilar hafa látið í ljós varðandi flokkun efnisins sem er sem stendur skráð í skrána yfir fòðurefni sem komið var á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ⁽²⁾.
- 2) Slík óvissa um stöðu vöru að því er varðar fòðuraukefni getur teft markaðssetningu fòðurvara í öllu Sambandinu í tvísýnu þar eð aðgreining milli fòðuraukefna og annarra fòðurvara gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar skilyrðin fyrir markaðssetningu þeirra, með hliðsjón af viðkomandi gildandi löggjöf.
- 3) Til að eyða óvissunni varðandi stöðu attapúlgíts sem fòðuraukefnis þykir rétt að samþykkja viðeigandi ráðstöfun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 sem ákvarðar stöðuna. Slík ráðstöfun kæmi samræmi á meðhöndlun viðkomandi efnis og myndi gera vinnu lögbærra landsyfírvalda sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti auðveldari og jafnframt gera hlutaðeigandi rekstraraðilum kleift að starfa innan ramma sem veitir viðeigandi réttarvissu.
- 4) Til að ákvarða hvort vara er fòðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þykir rétt að vísa til viðmiðunarreglna um aðgreiningu milli fòðuraukefna, fòðurefna og annarra vara sem komið var á með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2011/25/ESB ⁽³⁾. Einkum er með viðmiðunarreglunum kveðið á um nokkrar viðmiðanir sem þarf að hafa í huga á sama tíma þegar hvert tilvik er metið fyrir sig til að búa til lýsingu fyrir hverja vöru með tilliti til allra eiginleika hennar. Meðal viðmiðana til aðgreiningar milli fòðuraukefna og fòðurefna eru framleiðslu- og vinnsluáferðir, efnafraðileg skilgreining og stig stöðlunar eða hreinsunar, öryggi, notkunarmáti og virkni viðkomandi vöru. Auk þess ætti í þágu samræmis að flokka vörur með svipaða eiginleika hliðstætt.
- 5) Á grundvelli skoðunar á viðmiðunum í tilmælum 2011/25/ESB var komist að þeirri niðurstöðu að attapúlgít ætti að teljast vera fòðuraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Attapúlgít er aðallega notað til að gegna tæknilegu hlutverki í fòðri, s.s. sem binding, kekkjavörn eða til að draga úr mengun af völdum sveppaeiturs í fòðri, eða jafnvel dýraræktarlegu hlutverki með því að hafa áhrif á maga- og þarmaflöru dýra eða meltauleika fòðurs, sem er dæmigert fyrir virkni fòðuraukefna. Auk þess svipa einkenni og eiginleikar attapúlgíts til einkenna og eiginleika annarra leirsteinda sem teljast fòðuraukefni. Þess vegna kæmi hliðstæð flokkun á attapúlgíti sem fòðuraukefni á samræmi í meðhöndlun þessara svipuðu vara.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 220, 7.9.2023, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fòðurefni (Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1).

(3) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/25/ESB frá 14. janúar 2011 um viðmiðunarreglur um aðgreiningu milli fòðurefna, fòðuraukefna, sæfivara og dýralyfja (Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 75).

- 6) Af flokkun attapúlgíts sem fóduraukefnis innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 leiðir að rétt þykir að kveða á um umbreytingartímabil sem gerir hlutaðeigandi aðilum kleift að aðlagast nýrri stöðu þessa efnis, þ.m.t. að leggja fram umsókn um leyfi sem fóduraukefni og frekari vinnsla slíkrar umsóknar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Attapúlgít er fóduraukefni innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1831/2003

2. gr.

Efnið sem um getur í 1. gr. má áfram setja á markað og nota í samræmi við reglurnar sem gilda um fódurefni til 27. september 2030.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
